



Erasmus 2023 – 2024

Við höldum áfram samstarfi við tékkneska skólann. Skiluðum inn umsókn til Rannís, með von um að fá fjármagn til starfsins. Náðum ekki að senda hann inn fyrr en í lok sumars. Umsóknin þótti góð, en Rannís hafði því miður þá þegar úthlutað öllum fjármunum til verkefna og því var engu úthlutað að hausti, eins og venjan hafði verið. Enda margar umsóknir sem bárust þetta ár, eftir að covid lauk. Rannís mælti með því að við myndum senda inn aðra umsókn að ári, og þá til þriggja ára verkefnis.

Samstarfsverkefnin með kennurum og nemendum í Základní škola karla jeřábka héldu áfram þennan vetur. Það voru rafræn verkefni, m.a. á eTwinning vef Erasmus verkefna, samstarfsfundir á Zoom, auk þess sem báðir hópar bjuggu til kynningarmyndbönd og unnu þónokkuð af heimaverkefnum. Þemað þennan veturinn var „*Matur og menning*“. Nemendur úr árgöngum 2008 og 2009 voru í hópi þátttakenda okkar þennan veturinn. Við tókum á móti 15 nemendum, verkefnisstjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara í mars. Það var gaman. Krakkarnir sóttu ýmsa staði heim í Borgarnesi og í Borgarbyggð, m.a. Íþróttamiðstöðina, Landnámssetrið, Sturlu-Reyki, Deildartunguhver, Hraunfossa og Skallgrímsgarð.

Hópurinn vann um veturinn að gerð uppskriftabókar með samansafni af þekktum íslenskum og tékkneskum uppskriftum. Eitt af verkefnunum í heimsóknarvikunni var að elda saman, eftir uppskriftum frá báðum löndum. Það tókst mjög vel.

Hópurinn náði mjög vel saman og ánægjulegt hve margir héldu áfram samskiptum á samfélagsmiðlum eftir að verkefninu lauk.

Tékkneski hópurinn fór á eigin vegum í ferðir um Snæfellsnes og á Suðurland, en Hulda og Hildur virkjuðu fjölskyldu sína til að aka nemendum GB í sameiginlega ferð hópanna um uppsveitinar, auk þess að kalla inn greiða hér og þar til að fá fræðslu og afslátt af aðgangi að þeim stöðum sem heimsóttir voru. Borgarbyggð bauð hópnum í sund og í Safnahúsið.



Nemendahópurinn í Erasmus vali beggja skólanna, ásamt Júlíu Guðjónsdóttur, skólastjóra GB, Hildi og Huldu í GB, Martinu, verkefnisstjóra ZSK, Gabrielu, aðstoðarskólastjóra ZSK og Petru, heimilisfræðikennara í ZSK.



Hópurinn ferðaðist um uppsveitir Borgarfjarðar. Fékk kynningu á nýtingu jarðvarma og íslenska hestinum á Sturlu-Reykjum.



Við Deildartunguhver.



Gengið á Grábrók.



Sýningarnar í Landnámssetrinu vöktu lukku.



Í karokí í Óðali.



Hópurinn eldaði saman eftir íslenskum og tékkneskum uppskriftum.





Skemmtilegt og krefjandi verkefni sem hristi hópinn vel saman.



Og auðvitað urðu allir að smakka það sem búið var að elda.



Alltaf skemmtilegt að smakka nammi og snakk frá báðum löndum.



Nóg af alls kyns nammi til að smakka og hvor hópur útskýrði fyrir hinum.



Nemendahópurinn náði einstaklega vel sama og sumir halda sambandi á samskiptamiðlum ennþá.



Bæbi kokkur fékk gjöf frá hópnum. Gestunum fannst maturinn mjög góður og það er alltaf tilhlökkun að fylgjast með Instagram færslum eldhússins mánuðinn fyrir heimsókn.



Nemendahópar beggja skólanna, ásamt kennurum og íslenskum hesti.